

Heilindi eða horn í síðu barna og feðra – kveðja til Kvennaathvarfs (grein í Degi-Tímanum 16. ágúst 1997)

Í kjölfar tveggja veraldarstyrjalda fylgdi síkvikt umrót í mannlífinu. Naprir vindar hörmunganna viku þó smám saman fyrir þey vonar og nýrra viðhorfa. Kvenfrelsissskútan fékk öflugan byr í seglin og klauf öldu og báru. Áhöfnin var úrvalslið hugsandi kvenna hins vestræna menningarheims, þar á meðal Margaret Mead, Ruth Benedict, Juliet Mitchel, Shulamith Firestone og höfuðsnillingarnir Simone de Beauvoir og Betty Friedan, sem enn vísar okkur til vegar og eys úr nægtabrunni þekkingar og visku. Í humátt fylgdi jafnréttisfley karlanna. Stefna var tekin í fjarlægt ævintýraland. Land jafnréttis, systra og bræðralags. Eftir áratugasigliinu er Útópía fjarri sjónmáli. En eftir á að hyggja; mestu varðar að vera þó á leiðinni og leiðrétt stefnuna, þegar okkur bera af leið. Og líklega er svo um okkur farið nú.

Konur í röðum fræðimanna hafa átt ríkan þátt í að benda okkar á eitt og annað í þekkingarleitinni, sem karlmannsaugað ekki greindi sökum kynblindu. Þær hafa auðgað fræðin. Þær hafa stiklað með okkur millum sjónarhóla, þannig að berja mætti skýrar augum það landslag, sem samskipti kynjanna hafa verið frá alda öðli.

Þegar grannt er skoðað um þann vettvang, sem er fjölskrúðugur heimur hinna ýmsu mannfélaga ár og síð, kemur í ljós, að hlutverk karla og kvenna eru harla keimlík, þótt tilbrigði séu augljós og vitaskuld beri að túlka sérhvert háttarni samkvæmt táknerfi viðeigandi menningar. Körlum er kennd sú færni að afla, skap og vernda. Í allflestum tilvikum krefst sú færni skólunar, sem ævinlega felur í sér andlega og líkamlega atgervisþjálfun, ögun og hermennsku af einhverju tagi. Sú sérstaka skylda hvílir á herðum hins unga sveins að tryggja viðgang og vöxt ættarinnar, útvega fæðu, finna sæði sínu frjósaman jarðveg og verjast árásum. Ýmis konar þraut og pína er óhjákvæmileg í þessari skólun. Ungir drengir skyldu þola harðræði og sársauka. Og kynfæri þeirra eru iðulega skotspónn í því tilliti. Skólunin verður eins konar vígsla til manndóms. Hver einn ungur sveinn er mótaður og þjálfður tilkarlmennsku og manndóms. Piltar, sem ekki hljóta vegsemd vígslunnar sökum vangetu, sæta háði og spotti. Þeir verða traudla menn. Almennt eru viðlíka kröfur ekki gerðar til stúlkna. Þær læra hlutverk sitt með öðrum hætti og kynferðislegur hrottaskapur tengdur tileinkun kynhlutverks þeirra er miklu sjaldgæfari.

Samkvæmt þessari skoðun skilyrðir hlutverk karls og konu hvort annað og ljóst má vera, að hlutverkin setja báðum kynjum verulegar skorður og hindra mannlega blómgun. Til dæmis losnar síður úrlæðingi sköpunargáfa kvenna og tilfinningalegri grósku grósku karla eru sköpuð óhagstæð skilyrði. Við þessa hlutverkaskiptingu er því miklum mannaúði kastað á glæ.

Það væru einber undur og stórmerki lykju menn upp einum rómi um þennan skilning. Til að mynda telur tiltekinn hópur kvenna, að karlar séu upp til hópa undirrót hins illa í flestu tilliti. Jafnvel freistarar í Paradís. Meira að segja Kölski gamli er gæddur nýju lífi. Hann geysist ólmur allt um kring og situr um vammausar maríur til að nauðga, kúga og svívirða. Í nýlegu kvenfrelsunarriti, bandarísku að uppruna, hljómar fagnaðarerindið einhvern veginn svona: Karlmenn eru til þess eins nýtir að útvega okkur sæði. Í annan tíma dreymdi öfgahópa um hina ergu parðís. Vel má vera, að sá draumur rætist.

Hin öfgafullu kvenfrelsunarsjónamið hafa fest rætur í íslenskum jafnréttisjarðvegi. Einkum eru þau áberandi innan Kvinnalista, samtaka um Kvennaathvarf og Stígmóta. En ákveðin huggun er það harmi gegn, að oft bylur hæst í tómrí tunnu. En hlymur hinnar holu tunnu er að verða með öllu óbærilegur. Hvar eru íslenskar atgerviskonur hinnar skynsömu og hófstilltu kvannahreyfingar? Hvar eru Kvenréttindafélagið? Hvar eru Sjálfstæðar konur? Nú er þörf að brýna busana.

Eins og nærri má get hefur umræðan um jafnrétti kynjanna stuðlað að nýjum lausnum á úrlausnarefnum tengdum börnum og foreldrum. Umræðan hefur einnig orðið hvati skynsamlegra lögmíða og samþykka mikilvægra alþjóðasamninga um málefni karla, kvenna og barna. Á Íslandi sér þess þó síður stað í opinberri þjónustu, en víða umhverfis okkur. Lætur nærri, að á sumum sviðum þjónustu við fjölskyldur og börn séum við nærri hálfri öld aftar á merinni en grannþjóðirnar. Þegar Kvennaathvarfið var stofnað 1982 höfðu fjölskyldur í vanda í fá hús að venda (og hafa raunar enn).

Samtök um Kvennaathvarf beittu sér fyrir stofnun athvarfs handa konum og börnum þeirra eins og gefur um að lesa í bæklingum þeirra og auglýsingum, sem dreift er víða um land. Konur eru hvattar til að leita ásjár og forðast þannig illvíga karla sína. Samkvæmt skýrslu Athvarfsins höfðu nokkuð á þriðja þúsund kvenna leitað ásjár og fulltingis í þeim ranni frá upphafi til ársloka 1993. Tæpt hálf tanna þúsund kvenna hafði dvalið þar um lengri eða skemmri tíma ásamt svipuðum fjölda barna. Rekstur Kvennaathvarfsins er fjármagnaður að mestu leyti af opinberum aðiljum, sveitarfélögum og ríki.

Hugmyndafræði sína sækja samtökin í hin öfgafullu kvenfrelsunarfræði. Í hnotskurn segja þau (dulítið stílfært): Konur eru fórnarlömb, en karlar kúgarar. Í því ljósi er auðskilin hvöt samtakanna til að bjarga konum undan körlum. Í sömu fræðum eru konur verndarar barna, sem feður sækjast einnig eftir að kúga. Því skal bjarga mæðrum og börnum þeirra. Um aðferðina gildir: Konum skal alltaf trúá. Á þessum grundvelli er konum gefnar leiðbeiningar um það, hvernig þær geti betur hagað lífi sínu og sumum vísað til atvinnumanna.

Mér er ánægjuefni að geta skýrt frá því, að á mínar fjörur hafa rekið konur eftir ábendinu frá Kvennaathvarfinu, sem lært hafa af þeirri viðkynningu. En því miður er hið gagnstæða algengara frá mínum sjónarhóli séð. (Eftir því sem ég best veit hefur ekki komið fyrir almennings sjónir fræðileg úttekt á gagnsemi Kvennaathvarfsins.) Illu heilli er mér kunnugt um feður, sem beygðir og brotnir sjá á eftir mærunum með börn sín á vit Kvennaathvarfs. Stundum er engu líkara en um hópsefjun sé að ræða, þegar mæður taka sig upp í hópum og stefna suður um heiðar [frá Akureyri og nágrennabygðum].

Sá tilgangur Kvennaathvarfs einangraður við það eitt að skapa lúbörðum konum skjól, væri í sjálfu sér ekkert við að athuga, nema ef vera skyldi sanngirni þess að mismuna kynjunum. Því gnægð er af lúbörðum körlum (ef að líkum lætur), sem þora ekki út úr skápnum. En öðru máli gegnir um þá yfirlýstu stefnu Kvennaathvarfs að hamla feðrum samneyti við börn sín. Hafi ég skilið íslenska löggjöf rétt, er það einvörðungu á valdi þar til bærra yfirvalda og þarf býsna þungar sakir til. Mér er ekki kunnugt um lagalegt umboð Kvennaathvarfs til að dæma í meintri sök föður um ofbeldi í garð barna eða barnsmæðra með áðurgreindum viðurlögum. Aukin heldur er réttur feðra og barna til samvista skýlaus að lögum og alþjóðasamningum.

Ég vil trúa því, að stofnað hafi verið til Kvennaathvarfs af þeirri göfugu hugsjón að draga úr ofbeldi fólks í hvors annars garð. En eins og greinarkornið ber með sér, velkist ég í rökstuddum vafa um gildi aðferðarinnar og lögmæti starfseminnar.

Að leiðarlokum þakka ég þau hlýlegu orð, sem látin voru falla í grein framkvæmdastjóra Kvennaathvarfsins nýlega í Degi-Tímanum. [17. júlí, Vilborg G. Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingurhttp://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=187969&pageId=2446460&lang=is&q=Arnar%20Sverrisson] Þau eru hér með endurgoldin. Jafnframt leyfi ég mér að beina tveim spurningum til Kvennaathvarfs, sem ég veit að brenna á vörum margra: Hefur Kvennaathvarfið tölu á þeim skjólstæðingum sínum, sem í forsjárdeilum bera barnsfeður sína upplognum sökum um allra handa misþyrmingar? (Rannsóknir og reynsla hafa endurtekið gefið skýrar vísbendingar um þennan hóp kvenna.) Hefur Kvennaathvarfið vitneskju um og yfirlit yfir skjólstæðinga, sem grunaðir eru um kynferðisleg afbrot gegn börnum sínum?